

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/442 2021/EES/66/04**frá 17. desember 2019****um leiðréttingu á framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) ⁽¹⁾, einkum a- og c-lið 1. mgr. 111. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með breytingunum á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/981 ⁽²⁾ við 4. mgr. 84. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 ⁽³⁾ var gildissvið gegnsæisaðferðarinnar víkkað út til að ná yfir félög sem tengd eru váttrygginga- eða endurtryggingafélagi, sem uppfylla tiltekin skilyrði. Vegna rangrar tilvísunar í 1. mgr. 84. gr. þeirrar reglugerðar í 4. mgr. þeirrar greinar eru tilteknir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu eða fjárfestingar sem pakkaðar eru sem sjóðir sem einnig eru félög tengd váttrygginga- eða endurtryggingafélagi undanþegnar gegnsæisaðferðinni. Sjóðir um sameiginlega fjárfestingu eða fjárfestingar sem pakkaðar eru sem sjóðir ættu sjálfgefið að falla undir gegnsæisaðferðina.
- 2) Í X. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35 er í þættinum „Áhættuvogir fyrir flóðaáhættu“ settir fram staðalstikarnir fyrir útreikninginn á grunngjaldþolskröfunni vegna flóðaáhættu. Til að gera mögulegt að reikna út gjaldþolskröfuna vegna flóðaáhættu fyrir landsvæðið Sameinaða konungsríkið Stóra-Bretland og Norður-Írland ætti í töflunni að vera ein lína fyrir hvert af 124 áhættusvæðum þess landsvæðis.
- 3) Váttrygginga- og endurtryggingafélög ættu hvenær sem er að geta reiknað út gjaldþolskröfu sína vegna flóðaáhættu. Í þeim tilgangi og til að koma í veg fyrir að gjaldþolskröfur að því er varðar fjárfestingar í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu vanmeti raunverulega áhættu sem váttrygginga- og endurtryggingafélög eru útsett fyrir, ætti þessi reglugerð að koma til framkvæmda frá og með gildistökudegi framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/981.
- 4) Því ætti að leiðrétta framselda reglugerð (ESB) 2015/35 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 92, 26.3.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 156/2020 frá 23. október 2020 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 335, 17.12. 2009, bls. 1.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/981 frá 8. mars 2019 um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2015/35 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjttíð. ESB L 161, 18.6.2019, bls. 1).

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjttíð. ESB L 12, 17.1.2015, bls. 1).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framseld reglugerð (ESB) 2015/35 er leiðrétt sem hér segir:

1) Í stað inngangsorða 4. mgr. 84. gr. kemur eftirfarandi:

„Ákvæði 2. mgr. skulu ekki gilda um fjárfestingar í tengdum fyrirtækjum, aðrar en fjárfestingar þar sem öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:“

2) Í stað töflunnar í þættinum „Áhættuvogir fyrir flóðaáhættu“ í X. viðauka kemur taflan í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 8. júlí 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í stað þáttarins „Áhættuvogir fyrir flóðaáhættu“ í X. viðauka kemur eftirfarandi:

„Áhættuvogir fyrir flóðaáhættu

Svæði/ Landsvæði	AT	BE	BG	CH	CZ	DE	FR	IT	HU	PL	RO	SI	SK	UK
1	0,1	0,3	1,3	2,0	0,6	1,5	1,9	8,0	0,6	0,4	1,3	1,3	1,5	1,3
2	0,1	1,0	2,8	1,8	1,6	0,8	1,1	2,4	4,2	0,1	2,0	1,2	1,0	0,5
3	0,5	0,5	0,0	1,8	0,5	0,5	1,1	1,2	4,9	0,1	1,3	0,8	0,8	1,5
4	0,0	3,5	2,6	1,8	0,4	1,5	0,5	0,8	0,5	1,7	2,6	2,7	3,8	7,8
5	0,9	3,8	0,2	1,8	0,9	2,5	0,3	1,6	0,3	0,8	2,0	0,6	0,2	10,5
6	4,0	0,5	0,1	3,3	1,5	1,3	0,2	2,0	0,1	0,7	0,7	1,1	0,3	5,8
7	0,4	0,5	0,1	1,3	1,4	0,5	0,7	4,8	0,3	2,4	0,7	1,8	1,5	1,3
8	0,2	1,0	0,5	1,3	1,6	0,3	1,3	0,0	1,0	1,0	11,9	1,5	1,5	3,3
9	0,5	2,8	0,3	4,2	1,7	1,0	0,6	0,0	1,2	0,8	0,7	0,9	1,5	1,3
10	1,0		0,8	3,0	0,5	1,3	1,3	0,0	3,4	2,5	0,7	0,1	0,0	2,3
11	0,2		0,1	3,0	1,1	1,8	1,4	4,8	0,8	1,0	2,0	1,7	0,0	6,0
12	0,3		0,7	3,0	1,6	2,0	0,4	0,0	0,1	2,0	3,3		0,0	0,0
13	0,3		0,4	1,5	1,6	0,8	6,1	2,4	0,2	2,6	2,0		0,5	4,3
14	0,5		0,2	3,8	1,5	0,8	1,1	0,4	1,4	2,2	2,0		0,0	2,8
15	0,9		0,2	4,5	2,7	0,3	0,3	2,0	3,2	1,2	1,3		0,2	7,0
16	0,4		0,0	1,3	2,5	0,3	1,1	2,4	2,3	0,0	2,0		2,1	2,0
17	1,4		0,1	2,8	4,5	1,3	2,2	0,0	0,4	1,8	3,3		1,1	1,5
18	2,6		2,5	1,8	1,1	2,3	1,3	0,8	0,6	1,3	4,0		1,3	1,5
19	3,6		0,8	2,5	1,8	4,5	0,4	0,8	4,9	1,4	3,3		0,9	2,0
20	2,2		0,9	2,0	2,3	2,0	0,0	0,0	4,8	1,8	0,7		0,3	2,8
21	0,5		7,5	2,0	1,7	0,8	1,6	3,2	3,1	0,0	0,7		2,8	3,0
22	1,6		4,2	5,0	1,5	0,3	0,3	0,0	2,8	1,3	3,3		2,7	2,5
23	1,0		0,8	1,5	1,6	0,5	0,3	1,6	0,3	0,7	4,6		0,1	3,3
24	3,6		0,8	3,3	2,1	2,0	1,0	1,6	4,0	1,4	2,0		0,0	1,3
25	1,8		7,5	1,5	2,0	2,3	0,7	3,2		3,1	3,3			4,0
26	0,8		5,8	1,8	2,2	2,5	1,1	1,6		0,2	2,0			5,5
27	2,0		3,3		3,1	4,3	1,2	3,2		0,8	1,3			8,5
28	2,4		2,5		1,1	2,8	0,5	3,2		3,6	2,0			3,0
29	0,7		3,3		2,9	2,3	0,3	0,0		5,9	4,0			1,3
30	4,4				1,7	0,8	3,0	0,8		0,8	0,7			1,3
31	2,0				1,3	0,3	1,6	4,8		0,6	3,3			2,0
32	3,3				1,1	1,8	1,3	4,8		0,1	2,6			2,5

Svæði/ Landsvæði	AT	BE	BG	CH	CZ	DE	FR	IT	HU	PL	RO	SI	SK	UK
33	0,9				2,0	1,0	2,8	1,6		5,9	1,3			0,3
34	4,6				2,2	0,3	1,7	2,4		9,8	1,3			3,5
35	1,5				1,4	3,0	0,7	0,0		7,3	4,6			3,0
36	0,3				1,8	2,3	0,7	2,4		0,5	2,0			2,8
37	0,4				2,6	2,5	2,0	1,2		2,2	7,9			2,8
38	4,4				2,6	3,3	1,4	6,4		7,3	2,0			3,3
39	1,2				0,8	1,0	1,7	2,4		10,6	1,3			3,5
40	0,4				1,0	0,8	1,7	1,2		5,4	2,6			1,8
41	0,2				3,9	0,3	1,4	6,4		0,0	1,3			2,5
42	0,3				4,2	0,3	0,7	1,2		0,7				0,0
43	0,1				1,2	2,0	0,4	0,8		1,7				3,0
44	0,2				1,5	3,8	1,9	0,8		3,1				7,5
45	0,6				0,8	3,5	1,7	1,6		0,3				2,8
46	0,1				1,1	2,0	0,8	4,8		2,8				1,0
47	0,1				0,7	4,5	2,3	3,2		1,1				19,5
48	1,5				3,6	2,5	0,2	0,4		5,6				0,5
49	0,1				2,1	0,3	2,5	1,6		2,2				3,0
50	2,4				1,9	3,3	0,9	3,6		3,0				5,8
51	2,8				1,0	2,0	1,1	0,8		1,1				3,3
52	0,4				2,2	4,3	0,6	3,2		2,1				0,0
53	0,3				1,2	6,0	0,4	0,4		0,3				2,0
54	0,0				2,8	0,3	1,0	0,0		0,1				2,5
55	0,1				3,5	1,0	1,2	0,8		0,2				0,0
56	0,1				1,9	0,8	0,7	4,8		4,9				4,0
57	0,1				4,8	1,5	1,0	0,0		4,9				3,8
58	0,3				3,3	0,3	1,3	0,0		2,3				1,0
59	0,9				2,4	3,8	0,9	0,8		4,6				1,8
60	0,1					1,3	1,0	0,0		7,0				2,0
61	0,1					3,3	0,5	0,4		0,1				10,0
62	0,1					2,3	0,8	0,8		0,9				13,3
63	0,1					4,0	0,7	0,0		0,9				2,8
64	0,4					3,0	0,9	0,8		1,7				2,8
65	1,1					1,5	1,2	4,0		3,0				0,8
66	0,5					0,5	0,8	1,6		0,1				8,5
67	0,9					0,3	4,3	2,4		2,9				1,0

